



Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 27. júní 2011, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í félagsheimilinu Fellsborg.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Baldur Magnússon, Signý Richter, Magnús B. Jónsson og Guðjón Ólafsson

Pórunn Bernódusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir og Sesselja Guðmundsdóttir voru á fundinum undir dagskrárlið 1 og 2 og Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Björk Sveinsdóttir voru á fundinum undir dagskrárlið 2 og 3.

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá fundarins:

1. Leikskólinn

a. Gjaldskrá

Tillaga formanns um að láta gjaldskrá standa óbreytta fram að næstu áramótum en endurskoða hana þá í ljósi verðlags og annarra aðstæðna var samþykkt samhljóða

b. Almennt um rekstur leikskólans

Pórunn leikskólastjóri fór yfir ýmsa þætti í rekstri leikskólans. Í máli hennar kom m.a. fram að sama fyrirkomulag verði á sumarlokun leikskólans og verið hefur. Talsverð umræða varð um sumarlokunina og hvort æskilegt væri að breyta henni.

Umræður urðu um gæsluvöll og hvernig opnun hans samrýmist viðhaldi og endurbótum á skólalóðinni.

Leikskólastjóri gerði grein fyrir hvernig reglur eru settar fram og hvernig þær koma fram í handbók foreldra. Hún fór einnig yfir ýmislegt í regluverkinu einkum það sem hún taldi að mætti betur fara.

Ekki varð niðurstaða í málinu en ákveðið að taka verklagsreglur til frekari skoðunar á næsta fundi.



2. Skólastefna Skagastrandar

Guðjón Ólafsson fræðslustjóri kynnti drög að skólastefnu sveitarfélagsins Skagastrandar. Drögin höfðu verið send út til fundarmanna fyrir fundinn en skólastefna var fyrst tekin til umfjöllunar á fundi nefndarinnar í maí 2009.

Miklar umræður urðu um skólastefnuna og gerðar á henni nokkrar breytingar en hún var síðan samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

3. Grunnskólinn

a. Starfsmannahald

Hildur skólastjóri gerði grein fyrir að í fyrsta sinn í mjög langan tíma verði sömu starfsmenn við skólann og síðasta skólaár að því undanskildu að Helga Aradóttir fer í námsleyfi en vegna fækkunar í kennslustundafjölda verði ekki ráðið í það starfshlutfall. Elva Þórisdóttir hafi sagt stöðu sinni lausri sem aðstoðarskólastjóri og Trostan Agnarsson verið ráðinn í starfið til eins árs. Starfshlutfall í stjórnunarstöðu hafi minnkað og því muni það vera tekið til endurskoðunar að ári hvernig stjórnunarstöður verði skipaðar.

b. Skóladagatal og kennslutímafjöldi

Fyrir fundinn var lagt yfirlitsblað um kennslukvóta og skóladagatal 2011 – 2012. Í skóladagatali er gert ráð fyrir að kennsla hefjist 25. ágúst og skólaslit verði 25. maí. Skóladagatalið var rætt en síðan samþykkt. Kennslustundafjöldi er áætlaður 318 á næsta skólaári. Fyrir fundinum lá samanburður á kennslustundafjölda frá skólaárinu 1999-2000 og er kennslustundafjöldi í lágmarki frá þeim tíma að telja. Skólastjóri greindi frá því að í grundvallaratriðum sé búið að raða niður kennslu miðað við þennan kennslustundafjölda og horfur séu á að þær muni standast. Kennslustundir samkvæmt þessu verða 3,2 á nemanda. Fræðslunefnd gerði ekki athugasemdir við skóladagatal eða kennslukvóta.

c. Almennt um rekstur skólans

Skólastjóri fór yfir ýmislegt sem hafði vel tekist á síðasta skólaári. Hún greindi frá því að verið sé að endurnýja neysluvatnslagnir í nýrri hluta skólans.

Umræður urðu um mótuneyti skólans í Kántrýbæ sem fyrirhugað er að endurnýja samning um.



4. Námsstofan

Sveitarstjóri greindi frá því að Námsstofan verði flutt í sameiginlegt húsnæði með fræðasetri Háskóla Íslands og fræðibókasafni sem verið er að setja upp í Gamla kaupfélaginu. Með þessu verði nokkur breyting á aðstöðu Námsstofunnar en væntanlega verði hún um flesta hluti betri.

5. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.35

_____	_____
_____	_____
_____	_____
